Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfabók borgarstjóra. 3. sept. - 15. júní. 1909-1910

Aðfnr. 230, 4. hluti

Bréf 22. des. 1909 – 19. febr. 1910

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Hafnarnefnd Reykjavíkur
22. des. 1909.

Hjer með er lagt fyrir yður, herra gjaldkeri, að senda herra hafnarstjóra Gabriel Smith í Christiania 2000 kr. til lúkningar meðfylgjandi reikningi hans.

Páll Einarsson

Til
Gjaldkera hafnarsjóðs Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 23. des. 09.



Jeg har med tak modtaget deres ærede brev af 25. f. m. samt deres forslag til havneanlæg her i byen, med tilhörende bilag og tegninger. Jeg har læst deres forslag med den allerstörste interesse. Selvfölgelig vil der vare en god tid inden der kan tages beslutning i sagen, men ~~[illegible]~~ saasnart noget sker i den retning vil jeg underrette dem der om og holde dem à jour med sagens gang.

Jeg har den ære hoslagt at fremsende en check på Centralbanken i Norge, stor 2000 kr., til dækning af deres regning for udgifter ved udarbeidelsen af havneplanerne, og tillader mig at vente kvittering.

Med höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23 des. 09.-

365

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með jarðabókarsjóðs-ávísun að upphæð 300 - þrjú hundruð krónur, sem er sundkennslustyrkur úr landssjóði, og bið jeg yður að hefja ávísunina við fyrsta tækifæri og færa bæjarsjóðnum hana til tekna. -

Til
bæjargjaldkerans.

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. des. 09.



366

Út af kæru er bæjarstjórninni hefur borist yfir því að fjelagið hafi látið stafla upp tunnum svo mörgum hundruð skipti á lóð fjelagsins við Amtmannsstíg, svo að bæði eldhætta og óþrifnaður stafi af, hefur brunamálanefndin á fundi 21. þ. m. ákveðið að fjelagið mætti að eins til bráðabirgða og undir umsjón slökkviliðsstjóra geyma á nefndri lóð alltað 100 tómar steinolíutunnur og ekki meira.–

Jafnframt því að tilkynna þetta er hjer með lagt fyrir fjelagið að taka tafarlaust burt af nefndri lóð það af steinolíutunnunum, sem á lóðinni eru og umfram eru 100 tunnur, eins og líka gæta verður þess að láta þar aldrei vera fleiri tunnur en nemi þeirri tölu.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

27. des. 1909

364

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með æfiferilskýrslu Sigurðar Guðmundssonar Grettisgötu 46 og aðsjónargjörð, er fram fór hja honum 11. þ.m., en Sigurður þessi hefur orðið að þiggja hjer fátækrastyrk, kr. 4,46, er honum var látið úti í matbjörg. Skýrslurnar bera með sjer, að hann er sveitlægur í Bessastaðahreppi og bið jeg yður, að útvega mjer hið fyrsta viðurkenningu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfesti hans, og jafnframt innheimta hja henni 2/3 hluta af hinum veitta styrk.-

Til Sýslumannsins í Gullbr. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

27. des. 1909

365

Hallgrimur Scheving Hansson, skipstjóri Bergstaðastræti 22, hefur vegna veikinda og atvinnuleysis orðið að þiggja sveitarstyrk hjer i bænum nýlega, alls að upphæð 60 kr. Jeg sendi hjer með skýrslu um æfiferil hans og aðsjónargjörð þá, er fram fór hjá honum áður en styrkurinn var veittur. Samkvæmt skjölum þessum er hann sveitlægur i Kjalarneshreppi og bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer yfirlýsingu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfesti hans og innheimta hjá henni 2/3 hluta eða 40 kr. af hinum veitta sveitarstyrk.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

27. des. 1909

367

Fátækranefndin hefur samþykkt að greiða fyrir þurfalinginn Pjetur Hafliðason skuld þá, sem hann er i við Jarðeldasjóðinn, samkvæmt skuldabrjefi 14. jan. 1901. Skuld þessi er að upphæð 200 kr., og eru nú a skuldina áfallnir tveggja ára vextir, og ennfremur að likindum fjárnámskostnaður, er fátækrasjóður einnig verður að greiða. Er því lagt fyrir yður, herra gjaldkeri að greiða skuld þessa með áföllnum vöxtum og kostnaði og færa Pjetri Hafliðasyni upphæðina til skuldar. Skuldabrjefið sendi jeg hjer með og ber yður að fá ritað á það framsal til fátækrasjóðsins.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur.

27. des. 1909

368

Dánarbú Guðmundar Guðmundssonar í Ánanaustum mun á þessu hausti hafa átt að greiða vexti og afborgun af skuld þeirri,er á húsinu hvilir.Þar sem ekkjan og börnin eru á framfæri fátækrasjóðs er hjer með lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, að inna af hendi greiðslu þessa og færa búinu eða ekkjunni upphæðina til skuldar.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
27. des. '09.

369

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með kr. 133.66 – eitt hundrað þrjátíu og þrjár krónur sextíu og sex aura, sem er endurgjald frá Biskupstungnahreppi á 2/3 hlutum af legu- og útfararkostnaði Elínar Sigmundsdóttur, sem útborgað var úr fátækrasjóði þ. 29. febr. og 6. marz f.á. –
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

27. des. 1909

365

Fátækrasjóður kaupstaðarins hefur orðið að greiða ekkjunni Aldísi Sigurðardóttur fúlgu þá að upphæð 40 kr., sem Jóni Þórðarsyni skipstjóra í Ólafsvík bar að greiða henni með Jóni syni þeirra samkvæmt úrskurði sýslumannsins í Snæfellss- og Hnappadalssýslu 3. maí 1906, er fjell í gjalddaga 18.f.m.-Þessar 40 kr. bið jeg yður, herra sýslumaður að innheimta með lögtaki hjá Nefndum Jóni Þórðarsyni hið allra fyrsta, og sendi jeg yður í því skyni hjer með úrskurðinn og vottorð um að barnið sje lifandi. Úrskurðurinn óskast svo endursendur á sínum tíma.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. 00.

370

1. Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 45 – fjörutíu og fimm krónur, sem er endurgjald á meðlagi því, er þ. 1. sept. þ. á. var borgað úr fátækrasjóði með barni Sigurðar Jónssonar á Skáneyjarhöfðum, Baldvini Sigurði að nafni. –
Virðingarfyllst
[illegible]

Til
bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. '09

361

Með brjefi dags. 6. þ.m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 45 – fjörutíu og fimm krónur til endurgjalds barnsmeðlagi, er þ. 1. sept. þ.á. var útborgað úr fátækrasjóði Reykjavíkur með barni Sigurðar Jónssonar á Stáneyslóðum. Fyrir þessum 45 krónum kvittast hjer með. –

Til
sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

27. des. 1909

Guðmundur Sigurðsson Skólavörðustig 33 hefur orðið að þiggja sveitarstyrk hjer, að upphæð 30 kr, sem hann reyndar hefur lofað að endurborga á næsta vori, og útvegað ábyrgðarmann fyrir að svo verði gjört. Æfiferilskýrslu Guðmundar þessa sem og aðsjónargjörð þá, er fram fór hjá honum áður en styrkurinn var veittur, sendi jeg hjer með. Samkvæmt æfiferilskýrslunni er hann sveitlægur i Bessastaðahreppi og eruð þjer því, herra sýslumaður, beðinn um að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfestinni. Ennfremur er þess krafizt að Bessastaðahreppur endurborgi 2/3 hluta af hinum veitta sveitarstyrk.-

Til Sýlumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
28. des. 1909

Samkvæmt meðfylgjandi reikningi hefur fátækranefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar lagt Jóhannesi Oddssyni þar, sem er þurfalingur Reykjavikurkaupstaðar, kr. 21,58. Upphæð þessa eruð þjer beðinnum að senda bæjarfógetanum á Seyðisfirði við fyrsta tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. '09. –

374

Eptir að hafa meðtekið kæru yðar yfir skattskrá Reykjavíkur, dags. 11. f. m., þar sem þjer teljið fram að atvinnutekjur yðar hafi verið árið 1908, 3000 krónur og þar frá dragist 500–600 kr. skrifstofukostnaður við atvinnureksturinn, en skattanefndin hafði gjört yður 3500 kr. tekjur án frádráttar; hefur nefndin tekið framtal yðar gilt og leiðrjettir skrána samkvæmt því, þannig að skatturinn verður 17 kr. 50 a. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra málfærslumaður, hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. 09.

375

Skattanefnd Reykjavíkur hafði gjört yður, herra kaupmaður, að greiða skatt af 20.000 kr., en í kæru er þjer hafið sent nefndinni teljið þjer nettotekjur yðar árið 1908 hafi verið 9200 krónur. Nefndin tók framtalið gilt og leiðrjetti skattskrána samkvæmt því.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra kaupmaður, hjermeð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur 
28. des. 09.

376

Í hans[?] símri dags. 12. nóv. skýrir verzlunin frá því að tap verzlunarinnar árið 1908 hafi verið rúmar 40 þúsund krónur og hefur skattanefnd Reykjavíkur á síðasta fundi sínum úrskurðað, að atvinnuskattur verzlunarinnar skyldi falla alveg burt.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. 09.

378

Eptir að hafa meðtekið kæru verzlunarinnar frá 30. okt. yfir skattskrá Reykjavíkur þar sem tilkynnt er, að tap en ekki ágóði hafi orðið árið 1908 af verzlun innar; (~~og~~) hefur skattanefndin tekið skýrslu þessa til greina og ákveðið að skatturinn skyldi falla niður. –
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. 09.

377

Eptir að hafa meðtekið kæru verzlunarinnar dags. 4. okt. yfir skattskrá bæjarins, þar sem tilkynnt er, að tap en ekki ágóði hafi orðið árið 1908 af verzluninni; hefur skattanefndin tekið skýrslu þessa til greina og ákveðið að skatturinn skyldi falla niður.
Þetta tilkynnist hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. Oct. 09.

379

Eptir að hafa meðtekið kæru yðar dags. 13. þ. m. þar sem þjer upplýsið, að frá þeim eignartekjum, sem skattanefndin hafði gjört yður beri að draga vexti af þinglesinni veðskuld er á jörðunni hvíli, kr. 13.50, og verða þá eignartekjur yðar ekki skattskyldar, og ennfremur að atvinnutekjur yðar árið 1908 hafi ekki farið fram úr 2200 kr. Skattanefndin tók framtal yðar í alla staði gilt og ákvað að nema eignarskatt yðar burt af skránni og færa atvinnuskatt yðar niður úr 16 kr. í 13 kr.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. '09.



Eptir að hafa meðtekið heiðrað brjef yðar, herra kaupmaður, hefir skattanefnd Reykjavíkur ákveðið að breyta skattskránni þetta ár í samræmi við framtal yðar, þannig að atvinnutekjur yðar árið 1908 verði taldar 5000 krónur og skattur sá, er yður ber að greiða af þeirri upphæð verður 70 krónur.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Hr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. 09.-

Á fundi skattanefndarinnar 30. f.m. var lögð fram skýrsla um eignartekjur yðar 1908, og hafa þær samkv. framtalinu verið 2200 kr., þar frá teljið þjer vexti af þinglesnum skuldum, 250 krónur og umboðskostnað og dómgjald, 180 krónur. Framtal þetta tók nefndin gilt, en synjaði hinsvegar um að láta umfram draga frá tekjunum skatt og offur, er þjer einnig viljið fá dregið frá hinum skattskyldu tekjum. Ákvað því skattanefndin að eignatekjur yðar skyldu teljast 2200 kr. og þar frá skyldi draga 430 kr. Verða þannig skattskyldar tekjur yðar 1770 kr. og skattur þar af 70 krónur.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. 09

382

Eptir að hafa meðtekið heiðrað brjef yðar, herra kaupmaður, það sem þjer kærið yfir tekjuskatti þeim er yður hafði verið gjörð að greiða þetta ár, hefur skattanefnd Reykjavíkur á síðasta fundi sínum úrskurðað að tekjur yðar árið 1908 verði taldar 4000 kr. og skatturinn sem greiða á af þeirri upphæð, 45 krónur. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavíkur
28. des. 09.

384

Skattanefnd Reykjavíkur hafði gjört yður, herra alþingismaður, 4000 kr. árstekjur, en í kæru yðar, er þjer hafið sent nefndinni teljið þjer þær hafa verið 3000 kr. Þetta framtal yðar tók skattanefndin gilt og mun skattskráin verða leiðrjett samkv. því og skatturinn af þeirri upphæð, 25 krónur.

Herra
alþingism. Magnús Blöndahl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. '09.-

383

Kæru yðar, herra úrsmiður, þar sem þjer upplýsið að atvinnutekjur yðar hafi árið 1908 verið 1110 kr. brutto og í verkefni og verkfæri hafi farið allt að 200 kr., hefur skattanefndin á síðasta fundi sínum tekið gilda og ákveðið að nema ~~hann~~ yður burt af skattskránni. Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
úrsmiður Eyjólfur Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavíkur
28. des. 209.

385

Á síðasta fundi skattanefndarinnar var lögð fram kæra yðar, þar sem þjer teljið atvinnutekjur yðar hafa verið 2269 kr. 16 a.. Nefndin tók framtalið gilt og ákvað að leiðrjetta skrána samkv. því og færa skattinn niður í 13 kr. 75 a.

Ekkjufrú
Kristjana Hafstein, Tjarnargötu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavíkur
28. des. 09. — 386

Skattanefnd Reykjavíkur hefur á síðasta fundi sínum tekið til meðferðar kæru yðar þar sem þjer teljið fram að atvinnutekjur yðar 1908 hafi verið 3300 kr. í stað þess að skattanefndin hafði áætlað þær 5500 kr, og ákvað nefndin að leiðrjetta skattskrána samkvæmt framtali yðar og færa skattinn niður í 31 krónu.—

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.—

Herra
kaupm. L. Kaaber.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

438

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
29. des. 09.

387

Einar Sigurðsson, Grettisgötu 48b hjer í bænum hefur í dag orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 30 krónur. Samkvæmt meðfylgjandi skýrslu um æfiferil hans, er hann sveitlægur í Austur-Landeyja-hreppi í sýslu yðar, og leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að yður, herra sýslumaður, vildi þóknast að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar Austur-Landeyja-hrepps fyrir sveitfesti nefnds Einars Sigurðssonar og um leið innheimta 2/3 hluta af hinum veitta styrk.

Skýrsla um aðsjón er gjörð var á heimili Einars áður en styrkur-inn var veittur sendist og hjer með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
30. desbr. '09. –



Eptir að hafa meðtekið skýrslu yðar, herra bankagjaldkeri, þar sem þjer fyrir hönd. Biograftheater Reykjavíkur færið rök fyrir því, að ágóði fjelagsins árið 1908 hafi ekki verið meiri en 1642 kr. 49 a. hefur skattanefndin á fundi í gær úrskurðað að leiðrjetta skrána samkv. því, og verður skatturinn því 6 krónur. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjermeð. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur 29. des. 09. 

389.

Á fundi skattanefndarinnar var lögð fram kæra yðar, herra lækn-ir, yfir skattskrá bæjarins. – Nefndin hafði gjört yður 3500 kr. árstekjur, en þjer hafið í kæru yðar gefið upp að þær hafi aðeins numið 3000 kr. – Framtal yðar tók skattanefndin gilt og ákvað að leiðrjetta skrána samkvæmt því þannig að skatturinn verður 25 krónur. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Hr. . . .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
31. des. 09 390

Á fundi skattanefndar Reykjavíkur í gær var lögð fram kæra yðar yfir skattskrá bæjarins. — Nefndin hafði gjört yður eignarskatt af 550 króna eignartekjum, en þjer hafið skýrt frá, að tekjurnar hafi árið 1908 verið aðeins 450 krónur. Nefndin tók framtal yðar gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkv. því og telja skattinn 18 krónur. —

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bókbindari, hjer með. —

Herra
bókbindari Halldór Þórðarson. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
30. des. 09. –

391.

Skattanefnd Reykjavíkur úrskurðaði í gær skattkæru Sláturfjelagi Suðurlandi, þannig að skatturinn skyldi standa óbreyttur eins og hann er tilfærður á skránni og sendi jeg hjer með fjelaginu eptirrit úr gjörðabók skattanefndarinnar svo og skattkæru fjelagsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31. des. 09.

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með úrskurð yðar útg. 4. apríl 1907, er skyldar Anton Ásgrímsson á Akureyri til þess að gefa 44 krónur árlega með Aðalheiði óskilgetinni dóttur hans og Guðlaugar Jónu Sigurðardóttur og ennfremur vottorð um að barnið sje lifandi og kröfu framfærslumanns barnsins, Magnúsar Þórarinssonar, dags. 28. þ. m., og leyfi jeg mjer að fara þess á leit að þjer innheimtið hjá barnsföðurnum eða framfærsluhreppi hans meðlög þau, er samkv. úrskurðinum fjellu í gjalddaga 2. júlí 1908 og 2. janúar og 2. júlí 1909, samtals 66 krónur. Þess skal jafnframt getið, að fátækrasjóður Reykjavíkur hefur lagt út þær 44 krónur, er fjellu í gjalddaga á þessu ári og ennfremur að barnsmóðirin er dáin, en að Magnús Þórarinsson, Vatnsstíg 6 hjer í bænum, hefur tekið barnið til framfæris.

Úrskurðurinn óskast endursendur með svari yðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
31. desb. 09

393

Hjermeð sendi jeg yður, herra gjaldkeri, 100 - eitt hundrað krónur, sem endurgjald frá Miðneshreppi á sveitarstyrk þeim, er Jóni Steingrímssyni hefur verið veittur á þessu ári. –

Kvittun óskast. –

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. jan. 09

394

Með skírskotun til landsyfirrjettardóms þess, er gekk í fyrra, neitar bæjarstjórn Reykjavíkur, að greiða aukaútsvar til Seltjarnarneshrepps fyrir árið 1908-1909, og endursendist því útsvarsseðillinn fyrir það ár.-

Ekki
Sent

Til
hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
5. jan. 1910

395

Með skírskotun til brjefs míns til yðar, herra sýslumaður, dags. 18. ágúst f. á., sendi jeg yður hjer með reikning yfir legukostnað stúlkunnar Vilhelmínu Pálsdóttur að upphæð 172 kr. 50 a., og bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta af kostnaði þessum hjá framfærsluhreppi hennar, sem er Vestur-Eyjafjallahreppur.

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

442

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
5. jan. 1910

396

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 76.50 - sjötíu og sex krónur 50 aura til endurgjalds á legukostnaði, er borgaður var úr fátækrasjóði þ. 8. júlí 1908 fyrir sjúklinginn Guðmund Þorkelsson frá Króki..

Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
5. jan. 90.

397

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna hreppsnefndinni, að Guðmundur Þorkelsson frá Króki, sá er ræðir um í brjefi fátækranefndarinnar, dags. 12. des. f.á., hafi í dag endurborgað mjer kr. 76.50 upp á legukostnað sinn. –

Til
hreppsnefndar Hraungerðishrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. jan. 1910.

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 40- fjörutíu krónur, sem er endurgjald frá Ytri-Akraneshreppi á 2/3 hlutum af sveitarstyrk veittum Þorkeli Guðmundssyni, Sellandsstíg.-
Kvittun óskast.-

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. jan. 1910

Samkvæmt fjárhagsáætlun kaupstaðarins fyrir árið 1910, ber yður, herra gjaldkeri, að greiða á þessu ári án sjerstakrar ávísunar frá mjer eptirfylgjandi gjaldaliði áætlunarinnar, þannig:
2. liðinn greiðist sóknarprestinum í Helgafells prestakalli
3. liður b greiðist borgarstjóra með 500 kr. á mánuði
3. liður c greiðist yður með 1/2 mánaðarlega fyrirfram fyrir hvern mánuð.
4. liður a og b greiðist lögregluþjónum og næturvörðum þeim sem nefndir eru í athugasemdunum við áætlunarfrumvarpið og með upphæðum þeim, sem þar eru tilgreindar, og greiðast með 1/2 fyrirfram fyrir hvern mánuð.
5. liður b þar sem Jón Sveinsson, sótari er dáinn, er önnur sótarasýslanin óveitt ennþá og verður yður til kynnt þegar veiting hennar er um garð gengin, en laun Kristjáns Sæmundssonar greiðast eins og fyrra ár með 1/2 fyrirfram fyrir hvern mánuð.
6. liðinn. Eptirlaunin greiðast hinum sömu sem í fyrra að undanskildum

Pjetri Pjeturssyni, gjaldk., sem nú er látinn
9. liður a Hinum föstu yfirsetukonum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ber að greiða 200 kr. á ári hverri og
til Sesselju Ólafsdóttur 100 kr. og telst
styrkur kennara frá 1. þ.m. til árs-
loka.

15. liður. Af lið þessum ber að greiða
slökkviliðsstjóra Kristjáni Þorgrímssyni
50 kr. á mánuði eins og undanfarið

20. liður. Laun hinna föstu kennara
barnaskólans eru þessi:

| | |
|---|---|
| Morten Hansens | kr. 2000.00 |
| Ögmundar Jónssonar | " 1500.00 |
| Laufeyjar Vilhjálmsdóttur | " 1000.00 |

Að öðru leyti greiðast gjöldin til
barnaskólans eptir sjerstakri ávísun

22. liður. Vextir og afborganir af lánum
ber að greiða á rjettum gjalddögum
Að öðru leyti greiðast útgjalda-
liðirnir eptir sjerstakri ávísun
minni.—

Til

bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. jan. 1910. 400

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var tekin til meðferðar beiðni yðar, herra kaupmaður, um að breyta í byggingarlóð og selja fyrir 1 kr. 10 a. feralin 500 ferálnir af erfðafestulandi yðar, Efraholtsbletti. Bæjarstjórnin vildi ekki nota forkaupsrjett sinn en samþykkti að breyta í byggingarlóð nefndum 500 ferálnum með þeim venjulegu skilyrðum að greitt sje í bæjarsjóð 1/5 hluti kaupverðsins og bærinn haldi óskertum rjetti sínum til ókeypis lóðarnáms undir veg ef til kann að koma.

Herra
kaupm. Matthías Matthíasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. jan. 1910.— 401

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær gefið eptir aukaútsvar það, er yður hafði verið gjört að greiða fyrir árið 1909, að upphæð 8 krónur.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
Gísli Eyjólfsson, Grundarstíg 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. jan. 1910.-

402

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra gjaldkeri, að bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær að leggja á kostnað bæjarsjóðs talsíma á skrifstofu yðar.-

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. jan. 1910.- 403

Bæjarstjórnin vísaði á fundi sínum í gær til umsagnar niðurjöfnunarnefndar, erindi Runólfs Þórðarsonar dags. 4. þ. m. um eptirgjöf á 5 kr. af aukaútsvari hans 1909.-

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. jan. 1910

404.

Jón Sigurðsson, Frakkastíg 11. hefur í dag orðið að þiggja styrk af fátækra sjóði Reykjavíkur að upphæð 30 krónur, en samkv. meðfylgjandi skýrslu um æfiferil hans, mun hann vera sveitlægur í Holta hreppi og bið jeg yður því, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu þess hrepps fyrir sveitfesti hans og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Aðsjónargjörð sú, er fram fór á heimili Jóns áður en styrkurinn var veittur, sendist hjer með, ásamt eptirriti úr fundargjörð um fátækranefndarinnar, er sýnir að hann hefir fengið bæjarleyfi þ. 11. júlí 1901. – 2/3 hlutar af styrknum óskast innheimtir og sendir mjer

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. jan. 90. -

405

Kona Ásmundar Björnssonar, Steinunn Þorkelsdóttir að nafni hefur þ. 18. des. síðastl. verið lögð á sjúkrahús hjer í bænum gegn ábyrgð fátækranefndar Reykjavíkur fyrir greiðslu legukostnaðarins. Jeg sendi yður því, herra sýslumaður, skýrslu um æfiferil Ásmundar, en samkv. henni mun hann vera sveitlægur í Reyðarfjarðarhreppi, og bið yður að útvega mjer sem allra fyrst viðurkenningu fyrir sveitfestinni ásamt innheimta 2/3 hluta af þeim 14 kr. sem meðfylgjandi reikningur yfir legukostnað konu hans sýnir. -

Til
sýslumannsins í Suður-Múlasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra í Reykjavíkur
8. jan. 1910.

406

Hjer með tilkynnist yður, herra sýslumaður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 6. þ. m. neitað að samþykkja boð það, er gjört var á uppboðinu hjá yður í hut bæjarstjórnarinnar og brýrnar yfir Bugðu, er byggt var til afnota fyrir vatnsveituna. –

Til

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. jan. 1910

407

Til svars brjefi yðar dagr. 7. þ. m. tilkynnist yður hjermeð að bæjarstjórnin hefur neitað að samþykkja boð það er á uppboðinu var gjört í húsið á Rauðhólum og verður það því selt, ef viðunandi boð fæst í það undir hendinni.

Jeg vænti boðs frá yður.

Herra
óðalsbóndi Guðni Símonarson,
Breiðholti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
10. jan. 1910

408

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 25 – tuttugu og fimm krónur – sem er endurgjald frá Guðmundi Bergþórssyni, Bergstaðastræti 42 upp í styrk þann, er honum þ. 23. nóv síðastl. var veittur úr fátækrasjóði.

Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. jan. 1910.–

409

Með skírskotun til brjefs míns dags. 27. desbr. f. á. um greiðslu á skuld Pjeturs Hafliðasonar til Jarðeldasjóðsins, leyfi jeg mjer á ný að vænta að þjer, herra gjaldkeri greiðið skuldina með áföllnum vöxtum hið allra fyrsta.–

Páll Einarsson

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. jan. 1910. 410

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit að þjer, herra sýslumaður, vilduð innheimta hjá Hvítársíðuhreppi meðlag Jóns Einarssonar á Fróðastöðum, með syni hans, Guðmundi, og Steinunnar Guðmundsdóttur hjer í bænum fyrir árið frá 14. okt. 08 til jafnlengdar 1909. Meðlagið allt eru 40 kr., en nefndur Jón Einarsson mun hafa sjálfur í haust borgað 10 kr. upp í meðlagið, og er það því 30 kr. sem jeg hef orðið að greiða og fer fram á að fá endurgoldnar.

Vottorð um að barnið sje lifandi ásamt umboðsúrskurðinum sendist hjermeð, og óskast úrskurðurinn endursendur með meðlaginu.

Til
sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. jan. 10.

411

Hjer með sendi jeg yður, herra gjaldkeri, 10-tíu krónur - til endurgjalds á aukaútsvari, er Helga Valtýssyni hafði verið gjört að greiða 1907 að upphæð 4 krónur og útsvari Aðalbjörns Bjarnasonar árið 1906 að upphæð kr. 6.00.
Kvittun vantist

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. jan. 1910.

412

Með brjefi dags. 5. þ.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 10-tíu krónur, er þjer samkvæmt ósk minni hafið innheimt; auka útsvar, er Helga Valtýssyni hafði verið gjört að greiða árið 1907, að upphæð kr. 4.00 og útsvar Aðalbjörns Bjarnasonar kr. 6.00, sem hjer með kvittast fyrir.

Til
sýslum. í Gullbringu og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13. jan. 1910

414

Brunabótavirðingarmennirnir hafa 5.þm. virt hús það, er Einar Benediktsson er að láta byggja við Austurstræti á 55 þúsund krónur. Virðing þessi var lögð fyrir síðasta bæjarstjórnarfund, en þar sem bæjarstjórninni virtist virðingin vera mjög há vildi hún að svo komnu ekki samþykkja hana, en krefst yfirmats af dómkvöddum mönnum.-

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra brunamálastjóri, leyfi jeg mjer að vænta, að þjer látið menn dómkvadda til að gjöra yfirmat þetta.-

Virðingargjörðin á húsinu sendist hjer með.-

Til Brunamálastjóra Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13. jan. 1910

415

Hjer með tilkynnist að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi synjað beiðni yðar um eptirlaun úr bæjarsjóði.-

Fylgiskjöl þau, er fylgðu beiðni yðar endursendast hjer með.-

Til fyrver. ljósmóður Sesselju Sigvaldadóttur.
Suðurgötu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

13. Jan. 1910

413

I anledning af deres ærede skrivelse af 16. Nov. f. A. har jeg paa Reykjavikbyraad og -vandværksudvalgets vegne den ære herved at meddele dem, at da tilsynet med byens vandledning föres af byens ingeniör og gasværket skal de förste 5 aar drives drives af det firma, der bygger samme, vil der ikke blive ansat en særlig driftsbestyrer for disse anlæg, hvorfor byraadet ikke har kunnet reflektere paa deres andragende.-

Med höjagtelse.

Herr konstruktör SA. Christensen-Franck

Holbæksgade Nr. 2, Köbenhavn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910

416

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 13.34 þrettán krónur þrjátíu og fjóra aura sem er endurgjald frá Leirár- og Melahreppi á 2/3 hlutum af sveitarstyrk þeim er Jóni Bjarnasyni, Hverfisg. 56 var veittur úr fátækrasjóði þ. 11. nóv. f. á.
Kvittunar óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910

417

Með heiðruðu brjefi dags. 7. jan þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr. 13.34 - þrettán krónur þrjátíu og fjóra aura sem endurgjald frá Leirár- og Melahreppi á 2/3 hlutum af sveitarstyrk Jóns Bjarnasonar. - Jafnframt því að kvitta fyrir nefndum kr. 13.34, leyfi jeg mjer að senda yður reikning yfir styrk þann, er Jón hefur orðið að þiggja frá 11. nóv. og mælast til að þjer viljið sókna að innheimta 2/3 hluta af upphæð reikningsins. -

Til
sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910.

418

Með brjefi dags. 20. des. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr. 13.33, er þjer hafið innheimt hjá Ölfushreppi til endurgjalds 2/3 hlutum sveitarstyrks þess, er Bjarna Hannessyni, var veittur af fátækrasjóði Reykjavíkur þ. 2. nóv. f. á. Jafnframt því að kvitta fyrir kr. 13.33, leyfi jeg mjer að senda reikning yfir styrk þann, er orðið hefur að veita Bjarna, að upphæð kr. 124.37 og krefjast endurgjalds á 2/3 hlutum styrksins.

Til
Sýslumannsins í Árnessýslu,
Kaldaðarnesi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910

419

Hjer með eruð þjer beðinn að koma við fyrsta tækifæri hingað á skrifstofuna til að meðtaka innheimt meðlag með barni Eiríks Guðmundssonar og Ingibjargar Kristrúnar Bjarnadóttur að upphæð 40 krónur.

Herra
Árni Pálsson, Hverfisgötu 26

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910.

420

Með heiðruðu brjefi dagS. 3. jan. þ.á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr. 13.34 - þrettán krónur þrjátíu og fjóra aura, er þjer hafið innheimt hjá Vestur-Landeyjahr. til endurgjalds 2/3 hlutum á styrk lögreglu Sigurðssonar, Laugaveg 35 er honum var veittur þ. 12. okt. Jafnframt því að kvitta fyrir nefndum kr. 13.34, leyfi jeg mjer að senda yður reikning yfir styrk þann, er Sigurður hefur orðið að þiggja, og fer fram á að yður vildi þóknast að innheimta 2/3 hluta upphæðar reikningsins hjá Vestur Landeyjahreppi.

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu
Efra-Hvoli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910

420

1. Hjer með sendist yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 13.34 – þrettán krónur þrjátíu og fjóra aura, sem er endurgjald frá Vestur Landeyjahreppi á 2/3 hlutum styrks þess, er Sigurði Sigurðssyni, Laugaveg 35 var veittur þ. 12. okt. f. á.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1913.

422

Með brjefi dags. 11. des. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr. 13.33 sem endurgjald frá Áshreppi á styrk þeim, er Guðmundi Helga Jakobssyni var veittur þ. 30. sept. f. á. – Jafnframt því að veita viðurkenningu fyrir nefndum kr. 13.33, leyfi jeg mjer að senda yður reikning yfir styrk þann, er Guðmundi hefur verið veittur úr fátækrasjóði, og fer fram á að yður vildi þóknast að innheimta 2/3 hluta af upphæð reikningsins hjá Áshreppi.

Til
sýslumannsins í Húnavatnssýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910.-

428

1/. Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 13.33 - þrettán krónur þrjátíu og þrjá aura, sem endurgjald frá Ásahreppi á 2/3 hlutum af sveitarstyrk er Guðmundi Helga Jakobssyni var veittur úr fátækrasjóði þ. 30. sept. f. á.-

Kvittun óskast við fyrsta tækifæri.-

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910.

424

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 13.33 - þrettán krónur þrjátíu og þrjá aura, sem er endurgjald frá Ölfushreppi á 2/3 hlutum af sveitarstyrk þeim, er Bjarna Hannessyni var veittur úr fátækrasjóði Reykjavíkur þ. 2. nóv. síðastl.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri hjermeð kr. 13.33 þrettán krónur þrjátíu og þrjá aura, sem er endurgjald á 2/3 hlutum af sveitarstyrk þeim, er Jóni Erlendssyni á Mel sveitlægum í Sandvíkurhreppi, var veittur þ. 26. okt. f.á. úr fátækrasjóði Reykjavíkur.

Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

472

425

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. jan. 1910.

426

Með heiðruðu brjefi dags. 20. desbr. síðastl. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr. 13.33 til endurgjalds á 2/3 hlutum af styrk þeim, er Jóni, Erlendssyni á Mel hefur þegið úr fátækrasjóði Reykjavíkur 26. okt. þ. á. - Jafnframt því að kvitta fyrir nefndum kr. 13.33, leyfi jeg mjer að senda reikning yfir það er nefndur Jón hefur þegið síðan, og krefjast endurgjalds á 2/3 hlut um styrksins hjá Sandvíkur hreppi. -

Til
sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. jan. 1910

427

Guðmundur nokkur Brandsson, Óðinsgötu 10, hefur þ. 15. þ.m. orðið að þiggja styrk af fátækrasjóði Reykjavíkur að upphæð 20 krónur. Samkvæmt meðfylgjandi æfiferilsskýrslu, er hann sveitlægur í Austur Landeyjahreppi og bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer sem allra fyrst viðurkenningu þess hrepps fyrir sveitfesti hans og ~~ásamt~~ (því) innheimta 2/3 hluta af hinum veitta styrk.

Æfiferilsskýrsla Guðmundar ásamt skýrslu 2ja fátækrafulltrúa er gjört hafa atsjón á heimili hans áður en styrkurinn var veittur, fylgir hjer með.

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
18. jan. 1910.

428

Fátækrasjóður Reykjavíkur hefur þ. 21. desbr. f.á. orðið að greiða til bráðabyrgða barnsfararkostnað, 10 kr. + 60 kr. ársmeðlagi með barni Páls Tómassonar og Önnu Kristínar Jóhannesdóttur, Páls að nafni, áfallið 6. des. f.á. Nefndur Páll Tómasson er sveitlægur í Villingaholtshreppi og bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta þær kr. 10 og 60.oo = kr. 70.oo hjá þeim hreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Úrskurðurinn sendist hjer með ásamt vottorð um að barnið sje lifandi, en úrskurðurinn óskast endursendur ásamt meðlaginu.

Til
sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. jan. 1910

429

Fátækrasjóður Reykjavíkur, hefur þ. 15. þ. m. orðið að greiða meðlag með barni Guðlaugs Gíslasonar og Eyjólfínu Eyjólfsdóttur, Einarsst. fyrir árið frá 2. jan. 1909 til jafnlengdar 1910 að upphæð 40 krónur, samkv. úrskurði bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 19. mars 1907. – Með því að nefndur Guðlaugur er sveitlægur Stokkseyrarhreppi hinum forna, fer jeg fram á að þjer, herra sýslumaður, vildi þóknast að innheimta nefndar 40 kr. hjá þeim hreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Vottorð um að barnið sje lifandi ásamt meðlagsúrskurðinum fylgir hjer með. Úrskurðurinn óskast endursendur ásamt meðlaginu. –

Til
sýslumannsins í Árnessýslu. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
18. jan. 1910

430

Þurfamannasjóður Reykjavíkur, hefur þ. 15. jan. orðið að greiða meðlag með barni Ólafs Guðmundssonar og Guðríðar Árnadóttur, Bergstaðastr. 25. Laufey Árný, fyrir árið frá 15. jan 1909 til jafnlengdar 1910, að upphæð 50 krónur. Nefndur Ólafur Guðmundsson er sveitlægur í Borgarhreppi og fer jeg fram á, að yður, herra sýslumaður, mætti þóknast að innheimta meðlagið hjá þeim hreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Vottorð um að barnið sje lifandi fylgir hjer með.-

Til
sýslumannsins í Mýra og Borgafj. sýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bþ. 19/4 1911

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. jan. 1910.

431

Þann 13. f. m. ól stúlkan María Eyþórsdóttir, Vesturg. 17, barn er skírt var 19. s. m. Albert Marinó og lýstist hún föður að barni þessu Einar Pál Jónsson, Ingólfsstræti 9. Mjer hefur verið skýrt frá, að hann ekki vilji kannast við faðerni barnsins, en það er nú á sveitarframfæri, og eru það því tilmæli mín, að þjer, herra bæjarfógeti, vilduð láta dóm ganga um hvort hann skuli álítast faðir barnsins og er þess þá jafnframt krafist í málinu, að hann verði dæmdur til að greiða hálfan barnsfararkostnaðinn, sem samkv. meðfylgjandi reikningi hefur verið kr. 20.75.
Skírnarvottorð barnsins fylgir hjer með.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. jan. 1910

432

Með skírskotun til brjefs míns dagð. 8. nóv. f. á. sendi jeg yður, herra sýslumaður, hjer með reikning yfir legukostnað Filippíu Þorkelsdóttur og fer fram á að yður vildi þóknast að innheimta 2/3 hluta upphæðar reikningsins hjá Skefilsstaðahreppi í sýslu yðar og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Páll Einarsson

Til
Sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. jan. 1910.-

433

Jón nokkur Einarsson, Laugav. 66 hjer í bænum, hefur í dag orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 30 krónur, samkvæmt meðfylgjandi skýrslu um æfiferil hans, er hann sveitlægur í Gaulverjabæjarhreppi og vil jeg biðja yður, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu þess hrepps fyrir sveitfestinni og ásamt því innheimta 2/3 hluta af hinum veitta styrk.

Skýrsla um atsjón er gjörð var á heimili Jóns áður en styrkurinn var veittur fylgir og hjer með.-

Páll Einarsson

Til
sýslumannsins í Árnessýslu.-

480

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. jan. 1910

434

Sæmundur Þórðarson, Hverfisg. 50 hefir orðið að þiggja sveitarstyrk hjer til framfæris sjer og fjölskyldu sinni að upphæð 55 krónur. Ásjón-argjöld og æfiferilsskýrsla manns þessa fylgja hjer með og samkv. þeim, er hann sveitlægur í Landmannahreppi í Rangárvalla sýslu. Bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer við fyrsta tækifæri viðurkenningu hreppsnefndar þess hrepps fyrir sveitfestinni og innheimta hjá hreppnum 2/3 hluta af hinum veitta styrk.

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910

435

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, voruð þjer ásamt þeim Magnúsi Blöndahl, bæjarfulltrúa og Þórði J. Thoroddsen bæjarfulltrúa, kosin í nefnd til að íhuga tillögur heilbrigðisnefndar um breytingar á ákvæðum heilbrigðissamþykktar bæjarins um mjólkursölu.

Páll Einarsson

Frú
Guðrún Björnsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

436

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, voruð þjer, herra bæjarfulltrúi, ásamt þeim frú Guðrúnu Björnsdóttur og Þórði J. Thoroddsen bæjarfulltrúa, kosinn í nefnd til að íhuga tillögur heilbrigðisnefndar um breytingar á ákvæðum heilbrigðissamþykktar bæjarins um mjólkursölu.

Páll Einarsson

Herra
bæjarfulltrúi Magnús Blöndahl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

437

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, voruð þjer, herra bæjarfulltrúi, ásamt þeim frú Guðrúnu Björnsdóttur og Magnúsi Blöndahl bæjarfulltr., kosinn í nefnd til að íhuga tillögur heilbrigðisnefndar um breytingar á heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins um mjólkursölu áákvæðum.

Herra
bæjarfulltrúi Þórður J. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910

438

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, var lagt fram erindi yðar, herra kaupmaður, þar sem þjer fyrir hönd eigenda Melkotstúns bjóðið henni forkaupsrjett að 1200 □ al. úr nefndu erfðafestulandi og biðjið um samþykki til þess að breyta þessum 1200 □ al. í byggingarlóð, ef bæjarstjórnin noti ekki forkaupsrjett sinn.

Bæjarstjórnin ákvað að hafna forkaupsrjetti sínum að erfðafestulandinu Melkotstún en óskar uppdráttar af því áður en ákvörðun verði tekin um breyting í byggingarlóð.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra kaupmaður, hjermeð.

Herra
kaupm. Ásgeir Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

429

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft yður, herra bankastjóri að hafa skemtiskýli $4\frac{1}{2} \times 4\frac{3}{4}$ við íbúðarhús yðar við Tjarnargötu.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
bankastjóri Hannes Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

440

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, var yður leyft að byggja tvílyft geymsluhús 12 x 9° og salerni 2° x 2° jafnframt því að rifið verði niður geymsluhús á lóð yðar 6° x 8°, með skúr 5° x 6°.
Þetta tilkynnist yður hjer með

Herra
Jóhann Jóhannesson, Laugav. 19

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

441

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær, leyft yður, herra bakari, að setja glerþak yfir garð-plás 4½° x 8° milli íbúðarhússins, Vesturg. 14 og pakkhússins þar fyrir neðan.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
bakari Carl Frederiksen, Vesturg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

442

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður leyft að byggja hey- og peningshús 8 x 11½ al. á lóðarmörkum gegnt lóð Guðna Símonarsonar, með því skilyrði að samþykki Guðna sem sýnt hefur verið byggingarnefndinni verði þinglesið sem kvöð á eign Guðna.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
Guðmundur Eyjólfsson Bergst.str. 11

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910

443

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft yður að setja glugga á skúr við íbúðarhús yðar og flytja salerni út að mörkum, með því skilyrði að settur verði þar eldvarnarveggur.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
Þorsteinn Guðmundsson, Þingholtsstr. 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

444

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður leyft að hafa hús það, er yður var veitt leyfi til að byggja á fundi byggingarnefndarinnar 10. okt. f.á. Að öðru leyti standa frágjörð ákvæði byggingarnefndarinnar óhögguð.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
Jóhann Hjörleifsson.

491

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.–

445

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær synjað beiðni yðar um að fella burt útsvar það er yður hefur verið gjört að greiða árið 1909.–

Þetta tilkynnist yður hjer með.–

Páll Einarsson

Herra
Einar Jónsson frá Núpsstað
Nú hjá Hans póst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.—

446

Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum í gær ákveðið að lækka útsvar það, er yður hefir verið gjört að greiða 1909 úr 25 krónum niður í 15 kr.

Þetta tilkynnist yður hjer með.—

Páll Einarsson

Herra
Teitur Stefánsson, Frakkastíg 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910. 147

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var samþykkt að útsvar það, er yður hefur verið gjört að greiða árið 1909, lækki úr 16 kr. í 8 krónur.
Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Páll Einarsson

Herra
Guðmundur Guðmundsson,
Laugav. 115.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910. –

448

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær samþykkt, að síðari helmingur aukaútsvars þess, er yður hefur verið gjört að greiða árið 1909, megi falla burt. –
Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Páll Einarsson

Herra
Jóhann Guðmundsson, Bergst.st. 45

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

496 B

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. Jan. 1910.-

449

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær samþykkt að lækka útsvar yðar úr 10 kr. í 5 krónur fyrir árið 1909.-

Þetta tilkynnist yður hjermeð

Páll Einarsson

Herra
Runólfur Þórðarson, Vesturg. 50B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910. —

450

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær samþykkt að lækka aukaútsvar yðar úr 20 kr. í 8 kr. —
Þetta tilkynnist yður hjer með. —

Páll Einarsson

Herra
Jens Jónsson, Vesturg. 40.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910

401

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær, gjört eptirfarandi breytingar á aukaútsvörum 1909:

að lækka útsvar Leifs Stefánssonar úr 25 kr. í 15 kr.

að lækka útsvar Guðmundar Guðmundssonar, Laugav. 115 úr 16 kr. í 8 kr.

að lækka útsvar Runólfs Þórðarsonar úr 10 kr. í 5 kr.

að fella burtu síðari helming aukaútsvars Jóhanns Guðmundssonar, Bergstaðastr. 45.

að lækka aukaútsvar Jens Jónssonar, Vesturg. 40, úr 20 kr. í 8 kr. –

Ennfremur synjaði bæjarstjórnin beiðni Einars Jónssonar frá Núpstað. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna niðurjöfnunarnefndinni hjermeð.

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910

Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum í gær gjört eptirfarandi breytingar á aukaútsvörum 1909:

að lækka útsvar Leifs Stefánssonar fyrir 1909 úr 25 kr. í 15 kr.

að lækka útsvar Guðmundar Guðmundssonar, Laugav. 115 úr 16 kr. í 8 kr.

að lækka útsvar Runólfs Þórðarsonar úr 10 kr. í 5 krónur

að fella burtu síðari helming auka útsvars Jóhanns Guðmundssonar, Bergstaðastr. 45

að lækka aukaútsvar Jens Jónssonar, Vesturg. 40 úr 20 kr. í 8 kr.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri. —

Páll Einarsson

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910

454

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær voruð þjer ásamt þeim frú Guðrúnu Björnsdóttur og Lárusi bæjarfulltr. Bjarnasyni kosin í nefnd til að semja skrá yfir gjaldskyldu til ellistyrktarsjóðsins.

Frú
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910

453

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær voruð þjer ásamt frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttur og bæjarfulltr. Lárusi Bjarnasyni kosin í nefnd til að semja skrá yfir gjaldskyldu til ellistyrktarsjóðsins.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Frú
Guðrún Björnsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

455

Á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar voruð þjer herra bæjarfulltrúi, ásamt þeim frú Guðrúnu Björnsdóttur og frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttur, kosinn í nefnd til að semja skrá yfir gjaldskyldu til ellistyrktarsjóðsins.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
bæjarfulltrúi Lárus Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

503

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910

156

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær samþykkt brunabótavirðingu á húseign Þorleifs Þorleifssonar á kr. 3433.00.–

Frestað að samþykkja virðingu á suðurálmu Hótel Íslands –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

456

Bæjarstjórn Reykjavíkur, hefur á fundi sínum í gær veitt yður ekkjulaun, kr. 200.oo á ári frá 1. þ. m. að telja.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. og munu ekkjulaunin greiðast með 1/12 hluta fyrirfram fyrir hvern mánuð.

Ekkjufrú
Anna S. Pjetursson, Smiðjustíg 5a

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1910.

157

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær veitt ekkjufrú Önnu S. Hjeltested 200 kr. eptirlaun á ári frá 1. þ. m. að telja. Eptirlaunin greiðast með 1/12 hluta fyrirfram fyrir hvern mánuð.

Til
bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1916.

458

Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum í gær ákveðið að endurgreiða Hafliða Þorvaldssyni 8 aukaútsvar þess er hann hefir goldið í bæjarsjóð fyrir síðari hluta ársins með því að hann fluttist til Hafnarfjarðar í aprílmánuði síðastl.
Er því lagt fyrir yður herra bæjargjaldkeri, að greiða Hafliða Þorvaldss. nefndar 8 krónur.

Til
bæjargjaldkerans Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu borgarstjóra í Reykjavík
21. jan. 1910

459.

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær samþykkt að endurgreiða yður 8 kr. sem er helmingur aukaútsvars þess er yður hefur verið gjört að greiða 1909, með því að fjer fluttust til Hafnarfjarðar í öndverðum aprílmán. síðastl. Jeg hef nú samtímis lagt fyrir bæjargjaldkerann að greiða yður þessar 8 krónur, er fjer vitjið þeirra.

Herra
verzlunarmanni Hafliði Þorvaldsson.
Hafnarfirði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík
21. jan. 1910.

460

Bæjarstjórnin hefir á fundi í gær samþykt að veita yður eptirgjöf á skólagjaldi fyrir son yðar Guðmund fyrir tímabilið frá 1. okt. til 31. des. 1909.
